

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lífeyrissjóði.

1. *Hve háar fjárhæðir voru greiddar annars vegar úr fimm stærstu almennu lífeyrissjóðunum og hins vegar opinberu lífeyrissjóðunum á árinu 2003 og við hvaða vísitölutengingu eru greiðslurnar miðaðar? Óskað er sundurliðunar á a) lífeyrisgreiðslum og b) örorkulífeyri.*

Við samantekt upplýsinganna var gengið út frá því að opinberir sjóðir væru þeir sjóðir sem njóta ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á skuldbindingum. Slíkir sjóðir eru 13 talsins. Svar þetta er takmarkað við upplýsingar um fimm stærstu opinberu sjóðina en hrein eign þeirra nemur um 97% af hreinni eign sjóðanna 13 til samans. Með „lífeyrisgreiðslum“ er hér átt við greiðslur hinna ýmsu tegunda lífeyris til samans, þ.e. ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris.

Lífeyrisgreiðslur fimm stærstu almennu lífeyrissjóðanna voru 8,4 milljarðar kr. á árinu 2003 en örorkulífeyrisgreiðslur 2,4 milljarðar kr. Lífeyrisgreiðslur fimm stærstu opinberu lífeyrissjóðanna voru 12,5 milljarðar kr. og örorkulífeyrisgreiðslur 688,4 millj. kr. Í töflum 1 og 2 hér á eftir er að finna sundurliðanir á þessum fjárhæðum eftir sjóðum og deildum innan sjóðanna sem fengnar eru úr ársreikningum þeirra.

Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingadeildum almennu lífeyrissjóðanna eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingadeildum opinberu sjóðanna fylgja ýmist launavísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar eða taka breytingum í samræmi við breytingu á launum fyrir það starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Lífeyrisgreiðslur úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fylgja þó neysluverðs-vísitölu sem og lífeyrir úr A-deild og V-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

2. *Hverjar væru fjárhæðirnar skv. 1. lið ef greiðslurnar hefðu tekið mið af launavísitölu annars vegar og meðallaunabreytingum á árinu 2003 hins vegar?*

Hvorki fjármálaráðuneytið né Fjármálaeftirlitið býr yfir nauðsynlegum gögnum til að veita umbeðnar upplýsingar.

3. *Hve mikið af fjármagni lífeyrissjóðanna, annars vegar opinberu lífeyrissjóðanna og hins vegar fimm stærstu almennu lífeyrissjóðanna, er bundið í erlendum hlutabréfum eða skuldabréfum og hve mikið í innlendum?*

Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið býr yfir um einstakar tegundir fjárfestinga lífeyrissjóða eru upplýsingar úr ársreikningum sjóðanna sem þeim ber að senda eftirlitinu árlega auk upplýsinga samkvæmt sérstökum skýrslum sem sjóðirnir senda eftirlitinu ársfjórðungslega. Upplýsingar þær sem óskað er eftir hér að framan eru ekki birtar sérstaklega í þessum gögnum. Í ársfjórðungslegum skýrslum til eftirlitsins er þó að finna upplýsingar um gengisbundnar eignir sjóðanna eftir tegundum fjárfestinga eins og þær eru skilgreindar í 36. gr. laga nr. 129/1997 þar sem kveðið er á um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið hefur tek-

ið saman upplýsingar samkvæmt skýrslunum um gengisbundnar eignir fimm stærstu almennu og opinberu sjóðanna í töflu 3.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands nam erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna í lok september 2004 um 200 milljörðum kr. Innlend verðbréfaeign nam á sama tíma 731 milljarði króna.

4. *Hvað má ætla að vöxtur lífeyrissjóðanna verði mikill á næstu tíu árum?*

Fjármálaráðuneytið hefur ekki nægjanlegar forsendur til að leggja mat á framangreint.

Tafla 1. Lífeyris¹- og örorkulífeyrisgreiðslur fimm stærstu almennu lífeyrissjóðanna², þús. kr.

Lífeyrissjóðir í stærðarröð	Lífeyrisgreiðslur 2003¹	Örorkulífeyrisgreiðslur 2003
Lífeyrissjóður verslunarmanna		
Samtrygging	2.336.120	611.238
Séreign	16.804	0
Samtals	2.352.924	611.238
Lífeyrissjóðurinn Framsýn		
Samtrygging	2.123.749	601.699
Séreign	3.761	0
Samtals	2.127.510	601.699
Lífeyrisjóður sjómanna		
Samtrygging	1.280.993	551.409
Séreign	629	0
Samtals	1.281.622	551.409
Sameinaði lífeyrissjóðurinn		
Samtrygging	1.586.126	293.600
Séreign	8.742	0
Samtals	1.594.868	293.600
Lífeyrissjóður Norðurlands		
Samtrygging	1.054.386	345.782
Séreign	6.266	519
Samtals	1.060.652	346.301
Allir sjóðir samtals	8.417.576	2.404.247

1 Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

2 Lífeyrissjóðir sem ekki njóta ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga.

Tafla 2. Lífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur fimm stærstu lífeyrissjóðanna með ábyrgð ríkis eða sveitarfélags, þús. kr.

Lífeyrissjóðir í stærðarröð	Lífeyrisgreiðslur 2003	Örorkulífeyrisgreiðslur 2003
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		
B-deild	10.021.038	416
A-deild	113.915	89.177
Alþingismannadeild	231.807	864
Ráðherradeild	36.882	0
<i>Samtryggingadeildir samtals</i>	<i>10.403.642</i>	<i>90.457</i>
Séreignadeild	17.771	34
Samtals	10.421.413	90.491
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		
Samtryggingadeild	644.365	59.285
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar		
Samtryggingadeild	1.271.363	82.684
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga		
A-deild	31.663	18.808
V-deild	1.655	755
<i>Samtryggingadeildir samtals</i>	<i>33.318</i>	<i>19.563</i>
Séreignadeild	4.966	0
Samtals	38.284	19.563
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar		
Samtryggingadeild	88.999	19.847
Allir sjóðir samtals	12.464.424	271.870

Tafla 3. Gengisbundin verðbréf fimm stærstu opinberu og almennu lífeyrissjóðanna, millj. kr.

	Hlutfall af hreinni eign sjóðanna ²	
Almennir sjóðir		
Skuldabréf ¹	1.696	0,5%
Hlutabréf	22.124	6,7%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	43.645	13,3%
Önnur verðbréf	401	0,1%
Samtals gengisbundin verðbréf	67.866	20,6%

Hlutfall af hreinni eign sjóðanna²		
Opinberir sjóðir		
Skuldaréf ¹	319	0,2%
Hlutabréf	9.682	5,4%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	19.783	11,1%
Önnur verðbréf	0	0,0%
Samtals gengisbundin verðbréf	29.784	16,7%
Fimm stærstu almennu sjóðirnir	328.734	
Fimm stærstu opinberu sjóðirnir	178.471	

1 Ríkisvixlar og -skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, skuldabréf og vixlar lánastofnana og fasteignaveðtryggð skuldabréf.

2 Hrein eign í árslok 2003 (m.kr.)